

unnin og ekki gert neina skuldajöfnunarkröfu. Verður því ekki litið svo á, að í framlagningu áðurgreindra reikninga felist viðurkenning á skuldinni eða neitt, sem máli skiptir um fyrningu kröfunnar. Ber þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristján Jónsson bogardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Sævaldsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 3. desember 1969.

Nr. 101/1969. **Kristján Eiríksson** (sjálfur)

gegn

Árna Guðjónssyni

(Jón L. Arnalds hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnám úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var upphaflega áfrýjað með stefnu 7. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. janúar 1969, en útvistar-dómur gekk í því máli 2. maí s.l. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýjandi skotið máli þessu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1969.

Með sáttargerð á bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní 1968 samþykkti Bergur Bjarnason héraðsdómslögmaður f. h. áfrýjanda að greiða stefnda kr. 24.240.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 14.240.00 frá 1. marz til 15. marz 1968 og af kr. 24.240.00 frá þeim tíma til greiðsludags og svo kr. 5.334.00 í málskostnað, allt fyrir 10. ágúst 1968, en fyrir stefnda vegna Jóns L. Arnalds

hæstaréttarlögmanns undirritaði sáttina Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 1968, til yfirborgarfégetans í Reykjavík krafðist Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður þess f. h. stefnda, að gert yrði fjárnám í eignum áfrýjanda til tryggingar áðurgreindri skuld, vöxtum og málskostnaði ásamt kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til þess kæmi.

Viggó Tryggvason, fulltrúi yfirborgarfégeta, tók fjárnámsbeiðnina til meðferðar í fégetadómi Reykjavíkur hinn 19. september 1968, sem háður var í skrifstofu embættisins að Skólavörðustíg 12 hér í borg með samþykki umboðsmanns gerðarþolanda, áfrýjanda máls þessa, Jóhanns Steinasonar héraðsdómslögmanns, er kom fyrir fégetadóminn, en af hálfu gerðarbeiðanda sótti dómþingið Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður. Umboðsmaður gerðarþolanda kvaðst ekki geta greitt fyrir hann, og er þá eftirfarandi skráð í þingbók: „Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fégeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, húseigninni nr. 15 við Þverholt. Fallið var frá virðingu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Vottar:

Rétti slitið.

Hj. Jónsson

Viggó Tryggvason ftr.“.

Áfrýjandi hefur skotið greindri fjárnámssgerð til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1969, eins og áður greinir, og krafizt þess, að hún verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að fégeta hafi orðið á stórfelld mistök við framkvæmd hinnar áfrýjuðu fjárnámssgerðar og að hún hafi ekki farið fram með þeim hætti, er fégeti hefur fært til bókar. Lögmaður stefnda hafi aðeins dvalizt skamma hrið á dómþinginu 19. september 1968 og vikið þaðan án gildra ástæðna, áður en gerðinni var lokið. Hafi fégeta því borið að fresta gerðinni eða fella

hana niður, sbr. 34. gr. og 4. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1887. Þá hafi lögmaður áfrýjanda vikið af dómþingi, áður en hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð var ráðið til lykta, og einnig annar þeirra, er talinn er hafa verið vottur við gerðina, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 19/1887. Telur áfrýjandi fógeta því eigi hafa farið eftir ákvæðum laga nr. 19/1887, 2. mgr. 2. gr., 34. gr. og 4. mgr. 42. gr., og laga nr. 85/1936, 41. gr. og 118. gr.

Stefndi heldur því aftur á móti fram, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð hafi farið fram lögum samkvæmt, enda hafi verið leitt í ljós við dómpróf, er fram fóru, eftir að máli þessu var skotið til Hæstaréttar, að vottar og umboðsmenn aðilja hafi verið viðstaddir, er gerðin var framkvæmd, en þeir hafa skýrt svo frá:

Viggó Tryggvason, fulltrúi yfirborgarfógeta, sem framkvæmdi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, kveðst geta fullyrt, að umboðsmenn aðilja, Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður og Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður, hafi báðir verið viðstaddir fjárnámsgerðina samtímis, en þeir muni ekki hafa skrifað undir hana í fógetaþók, enda sé ekki venja, að lögmennt geri það, nema gerð feli í sér einhverja samninga þeirra á milli. Þá kveðst hann minnst þess, að Pétur Axel Jónsson, sem hafi átt að vera þingvottur, og Hjálmar Jónsson, er undirritaði fjárnámsgerðina sem vottur, hafi verið viðstaddir þinghaldið, en þegar hann hafi ætlað að láta umboðsmenn aðilja og Pétur Axel Jónsson undirrita fjárnámsgerðina, hafi þeir verið horfnir, en þeir Jóhann Steinason og Pétur Axel Jónsson muni hafa farið annað, þar sem gera átti fjárnám. Viggó Tryggvason kveðst svo síðar hafa ætlað að fá Pétur Axel Jónsson til að votta í fógetaþókina, en hætt við það, þar sem þá hafi verið búið að taka endurrit úr henni.

Hinn 25. janúar 1969 gaf Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður svohljóðandi yfirlýsingu, sem hann hefur staðfest í dómi og Pétur Axel Jónsson hefur vottað rétta 3. febrúar 1969 og staðfest fyrir dómi:

„Ég undirritaður Jóhann Steinason hdl. votta, að fjárnámsgerð sú, sem gerð var 19. 9. 68 í málinu Árne Guðjónsson gegn Kristjáni Eiríkssyni, er rétt bókuð af Viggó Tryggvasyni ftr.

Enn fremur var viðstaddur gerðina Pétur A. Jónsson ftr., enda þótt hann hafi ekki undirritað, áður en endurritið var tekið“.

Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður kveðst ekki muna nákvæmlega, hvort hann og umboðsmaður stefnda, Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður, hafi báðir verið viðstaddir hina áfrýjuðu fjárnámsgerð 19. september 1968, en fullyrðir, að hann hafi verið við gerðina, enda treysti hann því, „sem kemur fram í bókun fulltrúa yfirborgarfógeta, Viggós Tryggvasonar, að“ hann „hafi verið“ viðstaddur. Þá kveðst Jóhann Steinason af sérstöku atviki muna, „að Pétur Axel Jónsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, hafi einnig verið viðstaddur, er fyrrnefnd gerð fór fram (alla vega í lok gerðarinnar)“.

Ekki kveðst Jóhann Steinason muna, hvort Hjálmar Jónsson, sem undirritar fjárnámsgerðina sem vottur, hafi verið viðstaddur hana, og ekki segist Jóhann muna, hvort eða hvenær hann ritaði undir fjárnámsgerðina, en minnir, að hann hafi skrifað í fógetabókina sama dag og hann ritaði undir áðurgreinda yfirlýsingu sína, sem dagsett er 25. janúar 1969.

Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður gerðarbeiðanda, ber, að hann muni ekki, hvort þeir Jóhann Steinason og hann hafi báðir verið samtímis viðstaddir, þegar gerðin var færð til bókar, en kveðst muna, að Viggó Tryggvason, Hjálmar Jónsson og Pétur Axel Jónsson hafi allir verið við fjárnámsgerðina.

Hjálmar Jónsson kveðst telja sig geta fullyrt, að þeir lögmenirnir Jón L. Arnalds og Jóhann Steinason hafi báðir verið „viðstaddir samtímis á skrifstofu borgarfógetaembættisins hjá Viggó Tryggvasyni, fulltrúa yfirborgarfógeta, er áðurnefnd fógetagerð fór fram fimmtudaginn 19. september

1968“, en sér hafi virzt, að „talsverð hreyfing og los hafi verið á lögmönnunum og telur sig muna það, að Jóhann Steinason hafi verið horfinn úr réttarsalum, þegar Viggó Tryggvason kallaði á hann til að skrifa undir bókunina í fógetabókinni“, og sama sé að segja um Pétur Axel Jónsson, en hann og Jóhann Steinason muni hafa verið að fara eitt-hvað annað til að gera fjárnám.

Pétur Axel Jónsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kveðst hafa komið á dómþingið, er margnefnd fjárnámsgerð var framkvæmd, og hafi þeir lögmennirnir Jón L. Arnalds og Jóhann Steinason þá verið þar. Ekki kveðst Pétur Axel hafa „beinlínis verið“ viðstaddur „gerðina sem vottur“, heldur hafi hann verið að bíða eftir Jóhanni Steinasyni, þar eð þeir hafi verið á förum til að framkvæma fjárnám annars staðar, en þeir hafi ekki horfið af vettvangi, áður en fjárnámsgerðinni var lokið.

Eins og endurrit fjárnámsgerðarinnar ber með sér og rakið er að framan, hefur fógeti ekki gætt sem skyldi þeirra laga-reglna, er honum bar að fara eftir við framkvæmd fógetagerðarinnar. Umboðsmenn aðilja hurfu af vettvangi, áður en bókun fjárnámsgerðarinnar var lesin upp, og þeir undirrituðu hana eigi, þótt hún fæli í sér samkomulag um, að hún færi fram annars staðar en á heimili gerðarþolanda. Þá hefur eingöngu einn vottur ritað undir fjárnámsgerðina.

Þykja slíkir misbrestir vera á framkvæmd hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar, að ógilda beri hana, sbr. 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 33. gr. og 4. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1887 og 41. gr. og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Árni Guðjónsson, greiði áfrýjanda, Kristjáni Eiríkssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógætadóms Reykjavíkur 19. september 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 19. september, var fógætaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-2535/1968: Árni Guðjónsson gegn Kristjáni Eiríkssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt í bæjarþingi Reykjavíkur nr. 3216/1968. Nr. 1 fylgir í eftirriti. Nr. 2 fylgir í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 24.240.00 með 1% mánaðarvöxtum af kr. 14.240.00 frá 1. marz 1968 til 15. marz 1968 og af kr. 24.240.00 til greiðsludags, kr. 30.00 í endurritskostnað, kr. 5.334.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður, og kveðst hann ekki geta greitt, en samþykkir, að gerðin fari hér fram.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, húseigninni nr. 15 við Þverholt.

Fallið var frá virðingu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Vottar:

Rétti slitið.

Hj. Jónsson.

Viggó Tryggvason ftr.